

# Sýklalyfjadætur

## Meðferð utan spítala



Dæmi um sýklalyfjadætur



Meðferð með sýklalyfjadætur gerir sjúklingum kleift að útskrifast af sjúkrahúsi þrátt fyrir að þurfa sýklalyf í æð. Um er að ræða einnota dætur, sem stýrt er með þrýstingi þannig að hvorki þarf að eiga við takka né stillingar. Það gerir meðferðina einfalda, enda hefur hún reynst vel.

### Sýklalyfjadæla

Sýklalyfjadæla er flaska með sýklalyfi sem tengd er við æðalegg sem liggur í stóra bláæð. Slíkur æðaleggur kallast PICC lína eða CVK leggur og er komið fyrir í æð fyrir útskrift. Sami æðaleggur má vera í margar vikur, jafnvel marga mánuði, sé þess þörf.


Sýklalyfjadælan er höfð í tösku um mittið. Til að lyfið geti runnið inn í æðina er mikilvægt að láta dælu hvorki hanga fyrir ofan hjartastað né niður við gólf. Hitanemi sem plástraður er við húð stýrir jöfnu innrennsli í æðina.

Margs konar dætur eru til, sem duga allt frá 30 mínútum til 7 sólarhringa. Algengastar eru dætur fyrir 24 eða 48 klukkustundir. Val á dælu fer eftir því hvaða tegund sýklalyfs er gefin.


Aðstandendur sjá gjarnan um að skipta um dætur að lokinni kennslu á göngudeild smitsjúkdóma. Kennslan fer fram þegar fyrsta dælan er tengd. Æskilegt er að næsta dæla sé sett upp undir eftirliti hjúkrunarfræðings á göngudeildinni.



Rétt staða



Rangar stöður



## Eftirlit

Meðan sýklalyfjameðferð stendur yfir þarf sjúklingur að mæta til hjúkrunarfræðings á göngudeild smitsjúkdóma vikulega, þar sem:

- Frætt er um búnað og umgengni
- Tekið er blóðsýni
- Skipt á umbúðum yfir æðalegg
- Afhentur vikuskammtur af dælum og öðrum búnaði
- Tekið er við tómum dælum sem nauðsynlegt er að skila til förgunar
- Hægt að er að fá viðtal við lækni ef þörf er á

## Geymsla sýklalyfjadælu

Dæurnar eru geymdar í kæli. Yfirleitt er nóg að taka dælu úr kæli rétt fyrir notkun, nema annað sé tekið fram.

## Hreinlæti

Mikilvægt er að gæta fyllsta hreinlætis þegar skipt er um sýklalyfjadælu til að koma í veg fyrir frekari sýkingar. Á höndum okkar og í umhverfinu eru bakteríur sem geta valdið alvarlegum sýkingum. Því er mikilvægt að:


- Halda búnaði, æðalegg og stungustað hreinum og þurrum til að koma í veg fyrir sýkingar
- Vefja plastpoka yfir umbúðir á meðan farið er í sturtu. Það er í lagi að dælan blotni, hana er hægt að leggja á blöndunartækin eða hengja upp í netpoka

## Skipt um sýklalyfjadælu

Byrjað er á handþvotti áður en skipti fara fram. Nýrri dælu, saltvatnssprautu og tveimur sprittklútum er komið fyrir á jöfnum og hreinum fleti, sem hefur verið þveginn með sápuvatni og hreinum klút. Umbúðir eru fjarlægðar, saltvatnssprauta undirbúin og virkni dælu könnuð. Samskeyti eru sótthreinsuð fyrir og eftir rof á þeim. Saltvatni er sprautað inn, dæla tengd og hitanemi plástraður við húð.

## Forðist að snerta lykilhluta búnaðarins en þeir eru:

- Endinn á saltvatnsfylltu sprautunni sem notuð er til að skola í æðalegginn
- Endinn á æðaleggnum
- Endinn á slöngunni sem tengdur er við æðalegginn



Lykilhlutar búnaðar

## Vinna eða skóli

Búast má við þreytu og slappleika á meðan sýkingin og sýklalyfjameðferðin stendur yfir. Almennt sækir fólk ekki vinnu meðan á meðferð stendur. Taka þarf því rólega, varast óþarfa áreynslu og að lyfta þungu.

**Hafðu samband við hjúkrunarfræðinga á göngudeild smitsjúkdóma ef eftirfarandi einkenni koma fram:**

- Roði, bólga, vessi eða annað óeðlilegt í kringum stungustað
- Flensulík einkenni, t.d. kuldahrollur og hiti
- Ef sýklalyf rennur ekki inn

**Után opnunartíma göngudeildar og í neyðartilfellum er leitað til deildar, sem útskrifast var frá eða næstu bráðamóttöku**

## Símanúmer og opnunartími

Síminn á göngudeild smitsjúkdóma er: 824 5857 og 543 6040

Opið er frá kl. 8:00-16:00 alla virka daga